

Leiðbeiningar fyrir þjónustugátt
Hæstaréttar Íslands

Efnisyfirlit

Beiðni um áfrýjunarleyfi.....	3
Gögn.....	3
Tímafrestur.....	4
Staðfesting á móttöku áfrýjunarleyfisbeiðni	4
Beiðni send til umsagnar.....	4
Senda umsögn til Hæstaréttar	4
Tímafrestur.....	5
Staðfesting á móttöku umsagnar og framsending hennar til leyfisbeiðanda.....	5
Niðurstaða	5
Málsmeðferðartími.....	5
Yfirlit	5

Beiðni um áfrýjunarleyfi

1. Leyfisbeiðandi sem hyggst sækja um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar með rafrænum hætti velur það umsóknarform sem við á. Ekki er gerð krafa um að gögnum verði skilað á pappír ef notast er við þjónustugátt Hæstaréttar. Greiða þarf fyrir beiðni um áfrýjunarleyfi, kr. 70.000 á bankareikning Hæstaréttar 0101-26-69580 kt. 650169-4419.

Í sakamálum á reiturinn aðeins við um ríkissaksóknara þar sem lögmenn eða aðilar máls beina umsókn til hans.



2. Leyfisbeiðandi fyllir út umbeðnar upplýsingar og hengir við lögákveðin gögn (stjórnumerkt) með umsókn. Valkvætt verður að senda viðbótargögn.

3. Ef aðili sækir sjálfur um leyfi skal nafn hans ritað í gluggann „nafn leyfisbeiðanda eða lögmans“. Ef lögmaður sækir um leyfi fyrir hönd umbjóðanda síns skal nafn lögmansins ritað í sama glugga. Jafnframt skal fylla út aðrar umbeðnar upplýsingar, símanúmer, tölvupóstfang og málsnúmer.

Gögn

Þegar óskað er eftir leyfi til að áfrýja dómi **Landsréttar** í einkamáli til Hæstaréttar eru lögákveðin gögn eftirfarandi:

1. Beiðni um áfrýjunarleyfi (pdf).
2. Áfrýjunarstefna til Hæstaréttar.
3. Staðfest endurrit dóms Landsréttar.

Þegar óskað er eftir leyfi til að áfrýja **héraðsdómi** í einkamáli til Hæstaréttar eru lögákveðin gögn eftirfarandi:

1. Beiðni um áfrýjunarleyfi (pdf).
2. Áfrýjunarstefna til Hæstaréttar.
3. Áfrýjunarstefna til Landsréttar.
4. Staðfest endurrit héraðsdóms.

Tímafrestur

1. Tímafrestur er til miðnættis (kl.23.59) þann dag sem frestur til að óska eftir beiðni um áfrýjunarleyfi rennur út.

Staðfesting á móttöku áfrýjunarleyfisbeiðni


1. Þegar umsókn og greiðsla fyrir beiðni hefur borist Hæstarétti mun starfsmaður réttarins senda staðfestingu á móttöku með tölvupósti þar sem tiltekið verður hvenær umsókn barst.

Beiðni send til umsagnar

1. Þegar Hæstarétti hefur borist beiðni um áfrýjunarleyfi verður gagnaðila veittur kostur á að skila umsögn af sinni hálfu með bréfi Hæstaréttar sem berst í gegnum stafrænt pósthólf Island.is.
2. Frestur gagnaðila til að skila umsögn er að jafnaði tvær vikur en getur verið lengri í réttarhléum
3. Leyfisbeiðandi eða lögmaður hans fá afrit af bréfi réttarins til gagnaðila.

Sendu umsögn til Hæstaréttar

1. Umsagnaraðili sem hyggst skila inn umsögn við beiðni um áfrýjunarleyfi rafrænt velur flokkinn „umsagnir til Hæstaréttar“. Ekki þarf að skila umsögn á pappír ef skilað er inn í gegnum þjónustugátt réttarins.



Þjónustugátt

Flokkar



2. Umsagnaraðili fyllur út umbeðnar upplýsingar, hengir umsögn og önnur fylgiskjöl við og sendir hana inn.

Tímafrestur

1. Tímafrestur er til miðnættis (kl. 23.59) þann dag sem frestur til að skila inn umsögn rennur út.

Staðfesting á móttöku umsagnar og framsending hennar til leyfisbeiðanda

1. Þegar umsögn hefur borist Hæstarétti mun starfsmaður réttarins senda staðfestingu á móttöku með tölvupósti þar sem tiltekið verður hvenær umsögn barst. Jafnframt verður umsögnin framsend leyfisbeiðanda eða lögmanni hans.

Niðurstaða

1. Þegar ákvörðun liggur fyrir mun tilkynning og staðfest endurrit ákvörðunar verða send málsaðilum eða lögmonnum þeirra í gegnum stafrænt pósthólf Island.is.
2. Óski málsaðilar eða lögmann þeirra eftir að ákvörðun réttarins verði send í stafrænt pósthólf lögaðila á hans vegum skal beiðni þar um berast Hæstarétti á tölvupóstfangið haestirettur@haestirettur.is.

Málsmeðferðartími

1. Málsmeðferð tekur að jafnaði fjórar til sex vikur frá því að beiðni um áfrýjunarleyfi berst Hæstarétti þar til ákvörðun liggur fyrir. Í réttarhléum má gera ráð fyrir lengri tíma.

Yfirlit

1. Hægt er að sjá yfirlit yfir innsendar beiðnir um áfrýjunarleyfi og umsagnir með því að smella á „eldri innsendar umsóknir“ í grænu stikunni vinstra megin á síðunni.



Pjónustugátt

